


Alþingi  
Erindi nr. P 135/935  
komudagur 14.12.2007



## JAFNRÉTTISRÁÐ

Alþingi  
Félags- og tryggingamálanefnd  
150 Reykjavík

Selfossi, 11. desember 2007

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum**

Með bréfi dags. 4. desember sl. óskaði félags- og tryggingamálanefnd eftir umsögn Jafnréttisráðs um tillögu til þingsályktunar um aðgerðir til að auka hlut kvenna í sveitarstjórnnum, sbr. þskj. 34 – 34. mál á yfirstandandi löggjafarþingi.

Jafnréttisráð fagnar framkominni tillögu sem fulltrúar allra flokka á Alþingi flytja. Hún byggir á því að Alþingi feli Jafnréttisstofu að beita markvissum aðgerðum til að bæta hlut kvenna í sveitarstjórnnum í aðdraganda næstu sveitarstjórnarkosninga 2010. Er í greinargerð vísað til þess að hlutur kvenna í sveitarstjórnnum aukist mjög hægt, til sambærilegra aðgerða til að auka hlut kvenna á þingi á grundvelli þingsályktunartillögu sem samþykkt var á 122. löggjafarþingi 1997-1998 og góðs árangurs hennar, og til niðurstaðna í lokaskýrslu þeirrar nefndar sem hafði þær aðgerðir á sinni könnu.

Þátttaka kvenna í stjórnmalastarfi á sveitarstjórnarstigi er af mörgum talin einn fyrsti viðkomustaður kvenna í stjórnmalum almennt. Ekki aðeins sé það nauðsynlegt fyrir nærsamfélagið og stefnumótun í mikilvægum málum sem fram fer á sveitarstjórnarstiginu að hlutur kynja sé þar sem jafnastur, heldur eflir sú þátttaka konur til áframhaldandi stjórnmalastarfa á landsmálavettvangi. Því er styrking kvenna á sveitarstjórnarstiginu ein forsendan fyrir jafnari stjórnmalabátttöku kynjanna yfirleitt.

Jafnréttisráð telur Jafnréttisstofu réttan aðila til að veita slíkum aðgerðum forystu, en vill um leið benda á að nauðsynlegt er að stofan kalli fjöldamarga aðila til samstarfs, svo sem stjórnmalaflokka, sveitarstjórnir og jafnréttisnefndir þeirra og aðra þá aðila sem sinna jafnréttismálum á faglegum forsendum og sem áhugahópar. Slíkt samstarf er forsenda þess að aðgerðirnar fái athygli, þátttöku og stuðning kvenna sem annarra heima í héraði og að konur verði eflidar til þátttöku í stjórnmalastarfi á heimavettvangi á grundvelli fræðslu um þeirra eigin nærsamfélag. Jafnréttisráð lýsir sig fúst að eiga samvinnu við Jafnréttisstofu um slíkt verkefni.

F. h. Jafnréttisráðs  
Hildur Jónsdóttir, formaður